



Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi stefnir að því að búa nemendur undir nám og störf á alþjóðlegum vettvangi enda lítum við svo á að alþjóðasamskipti eigi að vera hluti menntunar í nútímasamfélagi. Skólinn stefnir að þátttöku í alþjóðlegu samstarfi, aðallega í þeim tilgangi að auka möguleika nemenda og efla gæði skólastarfsins:

- Skólinn kemur til móts við nemendur og starfsfólk með því að gera þeim kleift að fara í ferðir á skólatíma/vinnutíma þar sem því er við komið. Þannig er hægt að heimsækja skóla og stofnanir á þeim tíma sem best hentar í hverju tilviki fyrir sig.
- Jafnframt tekur skólinn vel á móti gestum úr erlendum skólum sem vilja kynna sér íslenskt skólastarf.

Þannig virkjum við víðsýni og menningarleg tengsl nemenda og starfsfólks við ólík samfélög.

Til að stuðla að framgangi stefnunnar leggur FVA áherslu á að;

- styrkja stöðu sína með virkri þátttöku í innlendu og alþjóðlegu samstarfi;
- byggja upp samstarf við skóla og stofnanir héraðs og erlendis, einkum innan Evrópu;
- hvetja starfsfólk og nemendur til þátttöku í alþjóðlegum verkefnum og opna þeim leiðir til þess;
- styðja nemendur og starfsfólk skólans til þátttöku í alþjóðlegum verkefnum;
- þátttaka nemenda í fjölþjóðastarfi geti verið metið til eininga;
- hafa alþjóðafulltrúa starfandi innan skólans til að:
 - kynna skólann á alþjóðlegum vettvangi;
 - annast erlend samskipti;
 - leiða þátttöku nemenda í alþjóðlegum verkefnum;
 - kynna sjóði sem leita má til og möguleika á erlendu samstarfi fyrir starfsfólki skólans;
 - sækja um styrki til erlendra samskipta eftir áhugasviði starfsfólks;
 - aðstoða starfsfólk við að sækja um í sjóði til að komast á ráðstefnur og námskeið erlendis sem nýtist í starfsemi skólans;
 - hafa reglulegar kynningar á þeim erlendu verkefnum sem unnin hafa verið á hverju skólaári eða eru yfirstandandi.